

**Sp.**

**316. Tillaga til þingsályktunar**

[164. mál]

um samræmingu á fjárhagslegum grundvelli framhaldsskóla.

Flm.: Pálmi Jónsson, Ingi Tryggvason, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf, sem kveði á um samræmingu á fjárhagslegum grundvelli framhaldsskóla á þann hátt, að hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði og rekstri verði hin sama án tillits til námsefnis.

**Greinargerð.**

Oft er rætt um eflingu verkmenntunar og nauðsyn þess að auka virðingu hennar til jafns við bóknám meðal þjóðarinnar. Þótt nokkuð hafi miðað áleiðis í þessum efnum virðist borin von, að markinu verði náð án þess að ráðist sé að rótum þess fjárhagslega misræmis, sem ríkir á milli einstakra menntastofnana á framhaldsskólastiginu.

Eins og nú standa sakir eru menntaskólar kostaðir alfarið af ríki, bæði að því er snertir stofnkostnað og rekstur. Við fjölbrautaskóla ber ríkissjóður 60% stofnkostnaðar, auk þess laun að fullu og annan rekstrarkostnað að hálfu. Sveitarfélög standa undir því, sem á vantar bæði í stofnkostnaði og rekstri. Við iðnskóla skiptist stofnkostnaður að jöfnu á milli ríkis og sveitarfélaga. Ríkissjóður greiðir laun, en sveitarfélög annar rekstrarkostnað. Aðrir skólar á framhaldsskólastiginu, sem flestir eru sérskólar, eru yfirleitt kostaðir af ríkissjóði, þó ekki undantekningarlaust, þannig hafa t. d. húsmæðraskólarnir, sem nú heita hússtjórnarskólar, verið kostaðir af sveitarfélögum að hluta.

Það misræmi í hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði og rekstri einstakra framhaldsskóla, sem hér hefur verið lýst, er einkar óheppilegt að dómi flm. þessarar þáttill. Það felur í sér viss forréttindi a. m. k. menntaskólanámsins fram yfir þá verkmenntun, sem iðnskólar veita, og hefur átt þátt í því að torvelda eðlilega uppbyggingu iðnskólanna. Um leið hefur ýmsum virst þykja það nokkru meira í munninn að stunda menntaskólanám en verklegt nám, t. d. í iðnskóla. Þessu þarf að breyta. Námsefni framhaldsskólastigsins þarf að njóta jafnréttis og jafnrar virðingar, hvort sem um er að ræða bóklegt eða verklegt nám.

Með þessari tillögu er lagt til, að samræmdur verði fjárhagslegur grundvöllur framhaldsskólanna á þá lund, að hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði þeirra og rekstri verði hin sama án tillits til námsefnis. Mótframlag sveitarfélaganna verði og hið sama til einstakra skóla, ef þátttaka þeirra verður ákveðin í kostnaði við framhaldsskólastigið, sem flm. telja þó æskilegt.

Þessu skal samt ekki slegið föstu hér né hversu hlutdeild sveitarfélaganna skuli vera mikil ef af verður, vegna þess að ákvörðun um það kann að tengjast stefnumótun um nýja verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þó er ljóst, að erfiðleikar eru því samfara, að sveitarfélögin taki á sig að hluta kostnað við suma skóla, einkum einstaka sérskóla, enda verður að gera ráð fyrir að þeir geti orðið undanskildir þeirri samræmingu, sem hér er rætt um. Að öðru leyti er hún nauðsynleg og tímabær.